



Reykjavík, 3. júní 2021

R21050312

640

ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Vesturbugt - Gamla höfnin - reitir 03 og 04 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 3. júní 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 28. maí 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 26. maí 2021 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbugar, Gamla höfnin, vegna reita 03 og 04, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.


Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að boða umtalsverðar breytingar á samþykktu deiliskipulagi löngu eftir að það hefur farið í gegnum skipulagsferli og verið samþykkt. Um er að ræða mikilvægt svæði í borgarlandinu við Gömlu höfnina sem borgarbúar hafa sterkar skoðanir á hvernig eigi að skipuleggja. Breytingin felur í sér talsverða fjölgun íbúða og verið er að breyta raðhúsareit í fjölbýlishúsareit sem gerir svæðið einsleitara og óáhugaverðara til útivistar. Í stað þess að meirihlutinn bregðist við lóðaskorti í borginni er sífellt verið að auka byggingarmagn á þéttingarreitum á dýrustu lóðunum í borginni. Upphaflega var gert ráð fyrir leikskóla á svæðinu sem ekki er lengur gerð krafa um þrátt fyrir að ljóst er að mikill skortur er á leikskólaplássum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða svæði í borgarlandinu við Gömlu höfnina, áður kallað Slippsvæðið. Fulltrúi Flokks fólksins veit að þetta svæði hefur tilfinningagildi fyrir marga. Stefnt er að talsverðu byggingarmagni en ekki er gert ráð fyrir leikskóla á svæðinu þrátt fyrir að fyrir liggi að leikskólapláss sárvanti. Ekki hefur tekist að „brúa bilið“ í leikskólamálu og er vöntun á plássum mikil í vesturborginni og víðar. Fulltrúi Flokks fólksins óttast að ekki sé lengur vilji til að byggja hefðbundna leikskóla á dýrmætu byggingarsvæði heldur eigi að setja börnin í annars konar

leikskólaform, t.d. að þeim verði ekið með rútu á útisvæði þar sem þau dvelja yfir daginn. Fulltrúi Flokks fólksins vill einnig fá það skýrar hvort hér er verið að tala um að byggja hagkvæmt húsnæði. Þetta svæði hlýtur að vera eitt af dýrustu lóðum í borginni.



Helga Björk Laxdal
e.u.